

Nd.

306. Frumvarp til laga

[145. mál]

um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósepsson.

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðskiptabankar í eigu ríkisins (hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar) eru tveir. Þeir eru Landsbanki Íslands, sbr. lög nr. 11 frá 29. mars 1961, og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands, en hann tekur við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 28 frá 19. maí 1976, og Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 12 frá 29. mars 1961.

Ríkisviðskiptabankarnir eru sjálfstæðar stofnanir, er lúta hvor um sig sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabankanna er í Reykjavík, en auk þess geta þeir haft útibú og umboðsskrifstofur og fer um stofnun þeirra eftir b-lið 13. gr.

4. gr.

Hlutverk ríkisviðskiptabankanna er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í IV. kafla laganna.

Ríkisviðskiptabönkunum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað.

Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í hlutfélagsformi, sem starfa skv. sérstökum lögum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „BANKI“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur seðlabanka eða almenns viðskiptabanka sé að ræða. Ráðherra þeim, sem fer með bankamál, er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæði málsgreinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Um starfsemi Veðdeildar Landsbanka Íslands fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um hana gilda.

Veðdeild Búnaðarbankans starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðar- og Útvegsbankanum.
Um veðdeild Búnaðarbankans og Stofnlánadeild landbúnaðarins fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um þær gilda.

6. gr.

Nú voru sjóðir og stofnanir tengdar, í vörslu eða umsjón Búnaðarbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, skv. fyrirmælum laga eða samningum, og skal þá Búnaðar- og Útvegsbankinn taka við öllum réttindum og bera allar skyldur í því sambandi.

II. KAFLI
STJÓRN

7. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Framkvæmdastjórn hvors ríkisviðskiptabanka er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

8. gr.

Bankaráð hvors ríkisviðskiptabanka skipa sjö menn kosnir hluthbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

9. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

10. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.

Bankaráð ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segir þeim upp starfi.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo skuldbindingandi sé fyrir hann.

13. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

- a. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum bankans.
- b. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa, sbr. þó ákvæði 10. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.
- c. Yfirtöku á starfsemi (eignum og skuldum) annarra innlánsstofnana.

- d. Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ.m.t. afskriftir útlána.
- e. Ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og hliðstæðra sjóða bankans.
Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það, eða það skal annast skv. lögum þessum.

14. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og ákvörðunum bankaráðs.

15. gr.

Bankastjórn undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í reglugerð.

16. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki heldur án leyfis bankaráðs taka þátt í stjórn eða rekstri annarra atvinnufyrirtækja en bankans, sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt, eða taka að sér önnur launuð störf.

18. gr.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Laun bankastjóra og eftirlaun skulu ákveðin af bankaráði.

Laun annarra starfsmanna skulu ákveðin af bankaráði að höfðu samráði við heildarsamtök starfsmanna bankanna.

III. KAFLI SAMSTARFSNEFND

19. gr.

Ríkisviðskiptabankarnir skulu hafa sín á milli náð samstarf, er miði að því að tryggja sem mesta rekstrarhagkvæmni og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Setja skal á stofn sérstaka samstarfsnefnd, er hafi það markmið að samræma starfsemi ríkisviðskiptabankanna, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Samstarfsnefndina skipa fimm menn. Ríkisviðskiptabankarnir skipa tvo nefndarmenn hvor og Seðlabankinn einn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

20. gr.

Verkefni samstarfsnefndarinnar eru:

- a. Að koma á náinni samvinnu ríkisviðskiptabankanna um allt það, er stuðlað geti að hagkvæmni í rekstri, svo sem samvinnu um bókhald, innkaup og erlend viðskipti.
- b. Að vinna að því að endurskipuleggja útibúakerfi ríkisviðskiptabankanna í því skyni að tryggja eðlilega verkaskiptingu og stuðla að því, að útibú geti náð hagkvæmri stærð, án þess að dregið verði úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög.
- c. Að fjalla um tillögur ríkisviðskiptabanka um stofnun nýrra útibúa.
- d. Að vinna að því, að ríkisviðskiptabankarnir skipti með sér verkum, eftir því sem hagkvæmt þykir, varðandi þjónustu við einstök byggðarlög og atvinnu-

greinar. Skal nefndin vinna að tilflutningi viðskipta í því skyni, að sem mest jafnvægi náist milli ríkisviðskiptabankanna að því er varðar útlán til einstakra atvinnugreina. Skulu bankarnir skiptast á almennum upplýsingum um útlána-starfsemi sína og önnur viðskipti, er tryggi sem best samræmi varðandi starfsreglur.

- e. Að fjalla um hvaða mál önnur, sem stuðlað geti að virkara samstarfi ríkisviðskiptabankanna, hagkvæmari rekstri þeirra og bættri þjónustu við atvinnuvegi landsmanna.

21. gr.

Auk þess samstarfs sín á milli, sem fjallað er um í þessum kafla, skulu ríkisviðskiptabankarnir einnig leita samstarfs við hlutafélagsbanka og sparisjóði með þau markmið fyrir augum, sem um ræðir í 19. gr.

IV. KAFLI STARFSEMI

22. gr.

Starfsemi ríkisviðskiptabanka er fólgin í miðlun á peningum og lánsfé ásamt annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimil önnur starfsemi, en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi ríkisviðskiptabanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum og reglugerðum settum skv. þeim, sbr. 48. gr.

23. gr.

Ríkisviðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, en honum er óheimilt að taka á sig gengisáhættu umfram það, sem óhjákvæmilegt er vegna venjulegra og eðlilegra gjaldeyrisviðskipta bankans.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem honum er seldur. Þó skal hann selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir hans, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skal hann gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Að öðru leyti en segir í 3. mgr. er ríkisviðskiptabanki, að því er varðar erlendar lántökur, háður ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

24. gr.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir, en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegar aukningar á þeirri starfsemi.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Slík eignaraðild skal ákveðin af bankaráði skv. tillögum bankastjórnar. Umfram það, sem hér er heimilað, má ríkisviðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 25. gr.

25. gr.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. a-lið 13. gr.

26. gr.

Úr innlánsaskilríki, þ.e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur bankinn greitt hverjum, sem hefur skilríkið undir höndum og gefur upp þær upplýsingar, sem bankinn almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Ef sérstök ástæða er til, getur bankinn þó jafnframt krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé út úr reikningnum.

Eigandi innlánsaskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka út fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í reglugerð, sbr. 48. gr.

27. gr.

Ríkisviðskiptabönkum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabankinn samþykkir.

28. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í ríkisviðskiptabanka.

29. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í ríkisviðskiptabanka, er undanþegið kyrrsetningu eða lögaldi, meðan það stendur þar.

30. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsaskilríki eða viðtökuskirteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtinga- blaði, og ef enginn gefur sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsaskilríkið eða viðtökuskirteinið, án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

31. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skulu að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Forsenda þess, að til skuldbindinga sé stofnað gagnvart ríkisviðskiptabanka án veðs eða ábyrgðar annarra, sé sú, að bankinn hafi aflað sér upplýsinga um afkomu og efnahag viðkomandi viðskiptaaðila, sem að mati bankans sýni, að slíkra trygginga sé ekki þörf. Meðan slík skuldbinding stendur, skal bankinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð gripa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

32. gr.

Við ákvörðun um heildarfyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána og/eða ábyrgða skal ríkisviðskiptabanki gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið, og fjárhag viðskiptaaðilans, sbr. 31. gr. Sama gildir um fyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila, sem eru fjárhagslega tengdir.

33. gr.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki vera skuldskeyttir viðkomandi banka, hvorki sem skuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn, en um getur í 1. mgr., mega vera skuldskeyttir viðkomandi banka eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir né reka á nokkurn hátt erinda annarra við bankann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem bankaráðsmenn, varamenn þeirra eða þingkjörnir endurskoðendur kunna að hafa stofnað til, áður en þeir eru kjörnir til starfans, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma að mati hlutaðeigandi bankastjórnar. Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibústjórar skulu greiða slíkar skuldbindingar upp, þegar er þeir taka við starfi.

V. KAFLI LAUSAFJÁRSTAÐA

34. gr.

Ríkisviðskiptabanki skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar eignir.

VI. KAFLI REIKNINGSSKIL

35. gr.

Reikningsár ríkisviðskiptabanka er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skulu gerð reikningskil, en þau fela í sér rekstrarreikning og efnahagsreikning ásamt greinargerð.

Um gerð rekstrar- og efnahagsreiknings fer eftir ákvæðum laga um bókhald, en heimilt er bankaeftirlitinu að setja reglur um sameiginleg form ársreikninga ríkisviðskiptabankanna og um mat eigna í efnahagsreikningi, sbr. þó 36. gr.

Í greinargerð skal veita upplýsingar um atriði, sem skipta verulegu máli í sambandi við mat á efnahag og rekstrarafkomu bankans, en ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi.

36. gr.

Um mat eigna í efnahagsreikningi gilda eftirtaldar sérreglur:

1. Fasteignir og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, skal meta á kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Hafi verðryrnun átt sér stað á þessum eignum umfram venjulega afskrift, ber að lækka þær í verði tilsvarendi.
2. Sé raunverulegt verðmæti fasteignar verulega hærra en bókfært verð, er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. töluliðs, að eignfæra fasteignina sem svarar raunverulegu verðmæti hennar, en þó aldrei hærra en nemur hinu opinbera fasteignamatsverði. Sé bókfært verð fasteignar hækkað í samræmi við þessa heimild, skal efnahagsreikningur bera það greinilega með sér. Slíka matshækkun fasteigna skal færa á sérstakan eiginfjárreikning og þann reikning má ekki nota nema til að jafna halla á rekstrinum, sbr. þó 2. mgr.
3. Ótryggar kröfur, þ. e. ótrygg útlán og aðrar ótryggar útistandandi kröfur, má ekki meta á hærra verði en ætla má, að fyrir þær fáist. Tapaðar kröfur má ekki telja sem eign í efnahagsreikningi.

Hafi bankastjórn ástæðu til að ætla, að tiltekna kröfur séu ótryggar eða tapaðar skal hún leggja fyrir bankaráð tillögur til afskrifta, skv. ákvæðum 13. gr.

Eiginfjárreikning, sem myndaður er í samræmi við ákvæði 2. töluliðs, má ekki nota til að jafna rekstrarhalla, fyrr en varasjóður og aðrir hliðstæðir eiginfjárreikningar hafa verið fullnotaðir í þessu skyni.

37. gr.

Reikningsskilum, ásamt endurskoðun þeirra, skal lokið eigi síðar en í marslok. Skulu þau undirrituð af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri athugasemdir fram að færa við reikningsskilin, skal undirritun hans bera það með sér, og í greinargerð, sbr. 35. gr., skulu athugasemdirnar raktar í einstökum atriðum.

Endurskoðuð reikningsskil skal leggja fyrir ráðherra til staðfestingar.

Ríkisviðskiptabanki skal gefa út prentaða ársskýrslu, þar sem birt séu reikningsskil bankans. Skal ársskýrslan liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og eintak af henni afhendast hverjum þeim viðskiptaaðila, sem þess óskar.

Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum, og efnahagsyfirlit í Lögbirtinga- blaðinu ársfjórðungslega.

Opinber birting efnahagsyfirlits og ársreikninga skal vera í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VII. KAFLI
ENDURSKOÐUN

38. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun þeirra.

Hafi hvorugur hinna þingkjörnu endurskoðenda löggildingu sem endurskoðandi skulu þeir, að fengnu samþykki ráðherra, ráða löggiltan endurskoðanda sér til ráðuneytis um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Skýlt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

39. gr.

Við ríkisviðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 11. gr.

40. gr.

Hinum þingkjörnu endurskoðendum er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

41. gr.

Hinir þingkjörnu endurskoðendur skulu árita hin árlegu reikningsskil og einnig skulu þeir í endurskoðunarskýrslu, sem fylgi reikningsskilum, gera grein fyrir endurskoðun á árinu og þeim athugasemdum sínum, ef einhverjar eru, varðandi rekstur eða efnahag bankans, sem þeir telja rétt að vekja athygli ráðherra á. Þeir skulu gera grein fyrir öðrum athugasemdum, ef einhverjar eru, í sérstakri skýrslu til bankaráðs.

Þá endurskoðunarskýrslu, sem fylgir reikningsskilum, skal bankaráð fá í hendur hæfilegum tíma, áður en reikningsskil eru lögð fyrir ráðherra til staðfestingar,

þannig að bankaráð geti samið svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

42. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gefa bankaráði árlega skýrslu um störf deildarinnar. Hann skal árita hin árlegu reikningsskil.

VIII. KAFLI REFSIÁKVÆÐI

43. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

44. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti, samkvæmt almennum hegningarlögum.

IX. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI OG GILDISTAKA

45. gr.

Ríkisviðskiptabanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur ríkisviðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

46. gr.

Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn ríkisviðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungarupphóði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett ríkisviðskiptabanka og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

48. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs ríkisviðskiptabanka, nánari ákvæði um starfsemi hans.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1979, þó öðlast þegar gildi ákvæði til bráðabirgða, er varða undirbúningsstörf hins nýja bankaráðs Búnaðar- og Útvegsbankans, sem framkvæma skal fyrir gildistöku meginefnis laganna.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:

Nr. 11 frá 29. mars 1961 um Landsbanka Íslands,
nr. 12 frá 29. mars 1961 um Útvegsbanka Íslands,
nr. 34 frá 29. maí 1957 um Útvegsbanka Íslands,
nr. 28 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands.

Lög nr. 31 frá 19. maí 1930 um sveitabanka og nr. 49 frá 8. september 1931 um Ríkisveðbanka Íslands, og síðari breytingar á ofangreindum lögum, svo og önnur lög, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Er lög þessi hafa verið staðfest skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð, skv. ákvæðum 8. gr., sem tekur við yfirstjórn Búnaðar- og Útvegsbankans við gildistöku laganna. Kjörtími hins nýja bankaráðs skal vera til ársloka 1980. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra í bankaráðum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.
Ákvæði 8. gr. laganna taka ekki gildi gagnvart bankaráðsmönnum Landsbanka Íslands og varamönnum þeirra, fyrr en í lok yfirstandandi kjörtímabils þeirra, sem rennur út í árslok 1980. Í desember 1980 skal kjósa nýtt bankaráð fyrir Landsbankann skv. ákvæðum 8. gr. laganna.
2. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans skal ráða bankastjóra, skv. ákvæðum 10. gr., sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna, á fundi, sem haldinn skal, áður en viðskipti hefjast fyrsta starfsdag bankans eftir 1. janúar 1979. Núverandi bankastjórar Landsbanka Íslands halda umboðum sínum.
3. Búnaðarbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands skulu fyrir lok september 1978 nefna til sinn manninn hver til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna. Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hinn 30. september 1978 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafa við tekið, og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal ráðherra skera úr þeim.
4. Heimilt er bankaráði Búnaðar- og Útvegsbankans að reka hann sem tvær aðskildar, reikningslegar einingar til 30. júní 1979 á meðan unnið er að sameiningu aðalbókhalds, aðalendurskoðunar og annarra deilda, sem nauðsyn ber til að sameinaðar verði á þessu stigi. Þrátt fyrir ofangreinda heimild, kemur Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands fram sem persóna að lögum frá gildistöku laga þessara.
5. Eigi síðar en 1. október 1979 skal starfseminni vera þannig háttað, að Búnaðar- og Útvegsbankinn hafi frá þeim tíma einar aðalstöðvar með aðalafgreiðslu, þar sem séu þjónustudeildir, sem almennt eru hafðar í aðalstöðvum viðskiptabanka.
6. Eigi síðar en 1. október 1979 skulu útibú Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands, sem liggja nálægt hvort öðru, hafa verið sameinuð í því húsnæði, sem betur þykir henta starfsemi þeirra.
7. Til þess að draga úr röskun á stöðu og högum fastráðinna starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands við sameiningu bankanna skal gæta eftirfarandi atriða:
 - a. Nýja starfsmenn skal hvorki ráða né fastráða nema brýna nauðsyn beri til.
 - b. Heimilt skal að láta starfsmenn, sem komnir eru nærri eftirlaunaaldri, hætta störfum, fyrr en reglugerð um eftirlaun og eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir, á fullum eftirlaunum.
 - c. Heimilt er að greiða fastráðnum starfsmönnum, sem segja þarf upp störfum vegna sameiningarinnar, laun í allt að sex mánuði fram yfir það, sem bankinn er skyldur til skv. núgildandi launareglugerð.

- d. Fastráðnir starfsmenn skulu að öllu jöfnu ganga fyrir, er ráðið er í stöður, sem losna vegna ofangreindra aðgerða.
8. Er lög þessi hafa verið staðfest, skal Alþingi kjósa nýja endurskoðendur, skv. ákvæðum 38. gr. laganna. Kjörtími hinna nýju endurskoðenda skal vera til ársloka 1979.
- Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi endurskoðenda við Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.
9. Í sambandi við framkvæmd skipulagsbreytinga þeirra, sem ákveðnar eru í lögum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að leggja nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans, 400 millj. kr. Heimilt er ríkisstjórninni að taka þetta fé að láni hjá Seðlabankanum.
10. 27. gr. laganna skal einnig gilda um viðskiptabanka í hlutafélagsformi, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu einnig gilda um viðskiptabanka í hlutafélagsformi og um sparisjóði, eftir því sem við á, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra:

1. mgr. 24. gr., 25. gr. og 34. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna gilda ennfremur um viðskiptabanka í hlutafélagsformi, uns sett hefur verið ný löggjöf um starfsemi þeirra:

29. gr., 30. gr., 31. gr., 32. gr., 45. gr. og 47. gr.

Ákvæði núgildandi laga um einstaka hlutafélagsbanka og laga um sparisjóði gilda ekki, brjóti þau í bága við ofangreind ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða því, sem hér er lagt fram, var flutt á Alþingi í marsmánuði 1974. Þá var frumvarpið flutt sem stjórnarfrumvarp af flutningsmanni þessa frumvarps, sem þá gegndi störfum viðskiptaráðherra.

Eins og fram kemur í ýtarlegri greinargerð, sem þá fylgdi frumvarpinu, var það samið í framhaldi af störfum bankamálanefndar, sem starfaði á árunum 1972 og 1973, og í fullu samræmi við megintillögur þeirrar nefndar. Stjórnarfrumvarpið frá 1974 náði ekki fram að ganga á Alþingi. Aðalástæður þess voru að ýmsir þingmenn Framsóknarflokksins voru andvígir frumvarpinu og auk þess risu ýmsir þingmenn Sjálfstæðisflokksins öndverðir gegn þeirri stefnu, sem í frumvarpinu fólst.

Meginatriðin í þeirri stefnu, sem í frumvarpinu felst, eru þessi:

1. Ákveðin er fækkun viðskiptabanka ríkisins úr 3 í 2, með sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans í einn banka. Gert er ráð fyrir fækkun útibúa án þess þó að minnka eðlilega þjónustu á nokkrum stað. Ráðstöfun þessi er hugsuð sem fyrsta skref í áttina til fækkunar á hönkum og bankaútibúum og gerð til þess að hamla gegn óeðlilegri og kostnaðarsamri útpenslu í bankakerfinu. Rétt þykir að ríkið gangi á undan með því að koma skipulagi á sína banka. Á eftir komi síðan ráðstafanir til þess að fækka einkabönkum og endurskipuleggja sparisjóðabjónustuna.
2. Sett yrði ein samræmd löggjöf um viðskiptabanka í stað margra og ósamræmdra laga sem nú gilda. Lögin um viðskiptabanka yrðu gerð nútímalegri og öruggari en nú er, endurskoðun og eftirliti m. a. breytt. Sennilega þyrfti þó að ganga lengra í þeim efnum en gert er í frumvarpinu.
3. Gert er ráð fyrir formlegu samstarfi á milli ríkisviðskiptabankanna, m. a. í þeim tilgangi að tryggja eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli og koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni, sem leiðir til kostnaðarauka.

Sú þörf á endurskoðun bankakerfisins, sem var til staðar árið 1971, þegar vinstri stjórnin var mynduð og hún ætlaði að framkvæma, og sem vissulega var fyrir hendi árið 1974 þegar frumvarpið var flutt á Alþingi, er enn til staðar, og þó er þörfin sennilega enn þá brýnni nú en þá. Vöxtur bankakerfisins hefur verið mikill síðan. Bankamálanefndin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist. Nú munu starfsmenn í bankakerfinu vera komnir talsvert á þriðja þúsundið og fer enn fjölgaandi. Sú staðreynd að í litlum byggðarlögum skuli vera starfandi 4—7 bankar, auk sparisjóða og lífeyrissjóða, hlýtur að vera umhugsunarefni. Tilgangslaus innbyrðis barátta peningastofnana um sparifé gerir engum gagn, en veldur því ásamt með öðru, að þjónustukostnaðurinn verður stöðugt meiri og meiri og stækkar í sífellu yfirbyggingu þjóðfélagsins, sem orðin er augljóslega allt of mikil. Slík yfirbygging kemur niður á lífskjörum landsmanna og íþyngir atvinnurekstri.

Eins og nú er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessari öfugþróun. Það hefur dregist allt of lengi að taka bankamálin til endurskoðunar. Fleiri þætti yfirbyggingarinnar þyrfti vissulega að taka sömu tókum og draga þar úr óhóflegri þenslu.

Af þessum ástæðum m. a. hef ég talið rétt að flytja á ný bankamálafrumvarpið frá 1974. Það þarf að reyna á það enn einu sinni, hvort ekki er hægt að ná samstöðu á Alþingi um þetta nauðsynlega mál.

Með frumvarpinu, sem flutt var 1974, fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Hinn 29. maí 1972 skipaði viðskiptaráðuneytið nefnd til að undirbúa framkvæmd á því atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er varðar endurskoðun bankakerfisins. Í nefndina voru skipaðir Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður, Ármann Jakobsson, bankastjóri, Björgvin Vilmundarson, bankastjóri, Guðmundur Hjartarson, seðlabankastjóri, Jóhannes Eliasson, bankastjóri, og Magnús Jónsson, bankastjóri. Ritari nefndarinnar var ráðinn Sveinn Jónsson, forstöðumaður bankaefirlits Seðlabankans.

Nefndin skilaði álitinu, dagsettu hinn 19. janúar 1973. Er þar rakin þróun bankamála hér á landi, gerð grein fyrir núverandi skipulagi og starfsháttum bankakerfisins, og rætt um ýmis almenn sjónarmið, sem nefndin telur nauðsynlegt að hafa í huga við mótun opinberrar stefnu í þessum málum. Setur nefndin síðan á þessum grundvelli fram margháttaðar tillögur og hugmyndir um breytingar á bankakerfinu og einstökum þáttum þess.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru þær, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist, auk þess sem margar þeirra séu of smáar til að geta uppfyllt nútímakröfur um alhliða þjónustu við viðskiptaaðila sína og öryggi fyrir innstæðueigendur og aðra kröfuhafa. Leggur nefndin jafnframt áherslu á nauðsyn þess, að löggjöf, sem varðar starfsemi þessara stofnana, sé endurskoðuð og færð í nútímalegt horf. Telur nefndin allt benda til víðtæks samkomulags um meginmarkmiðin, sem stefna beri að í þessum efnunum, þ. e. a. s. samruna peninga- og lánastofnana í stærri og virkari heildir, og einföldun bankakerfisins innan ramma heilsteyprar löggjafar.

Umfangsmesti kaflinn í tillögugerð nefndarinnar fjallar um viðskiptabanka í eigu ríkisins, enda er þáttur ríkisviðskiptabankanna þriggja, Landsbanka, Útveggsbanka og Búnaðarbanka, mjög stór í heildarstarfsemi bankakerfisins. Til viðmiðunar um þetta má nefna, að starfsmannafjöldi þessari þriggja banka er um 65% af heildarstarfsmannafjölda þeirra peninga- og lánastofnana, sem tillögugerð nefndarinnar nær til. Einnig ber í þessu sambandi að hafa í huga þá staðreynd, sem

minnst er á í nefndarálitinu, að endurskipulagning ríkisviðskiptabankakerfisins getur eðli málsins samkvæmt komið fyrir til framkvæmda, og með einfaldari hætti, en endurskipulagning ýmissa annarra þátta bankakerfisins.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á ríkisviðskiptabankakerfinu eru settar fram í nánu sambengi við hliðstæðar tillögur varðandi hlutafélagsbankana. Meginniðurstaðan um viðskiptabankana er þessi: „Nefndin telur rétt að stefna að því, að viðskiptabönkum hér á landi fækki í þrjá eða fjóra. Miðað við núverandi aðstæður í bankamálum virðist eðlilegast að ná því markmiði með fækkun hlutafélagsbankanna í einn eða tvo, og ríkisbankanna í tvo.“ Eftir að fjallað hefur verið um ýmsar leiðir, sem til greina koma til að ná fram þessari fækkun ríkisviðskiptabankanna, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að líklegasta leiðin til að skapa hagkvæmt ríkisviðskiptabankakerfi sé að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, ef jafnframt eru gerðar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu hins sameinaða banka.

Í nefndarálitinu fjallar allangur kafli um kosti og galla sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans og þykir rétt að taka þennan kafla hér upp orðréttan:

„Sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Sá banki, sem myndaður kynni að verða með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, verður hér kallaður Sameinaði bankinn, án þess að í því felist nein tillaga um nafngift bankans, ef af stofnun hans verður.

Sameinaði bankinn yrði banki, sem 1) nálgæðist Landsbankann að stærð; 2) hefði mjög svipaða dreifingu útlána á atvinnuvegi og aðra lánsaðila og Landsbankinn, 3) hefði afgreiðsluáðstöðu í öllum landshlutum mjög til jafns við Landsbankann og 4) tæki við gjaldeyrisréttindum af Útvegsbankanum. Með Sameinaða bankanum og Landsbankanum yrði með öðrum orðum mjög mikið jafnræði, hvað snertir stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu, og eru það vissulega miklir kostir á þessari leið.

Fjárhagsleg staða hins nýja banka yrði hins vegar ekki eins sterk og vera þyrfti til að tryggja honum eðlilega vaxtarmöguleika og sem jafnasta samkeppnisáðstöðu við Landsbankann. En segja má, að það sé óbeinn kostur við þessa sameiningarleið, að með henni má ætla, að skapaðar væru forsendur fyrir nægilegri samstöðu um aðgerðir til varanlegra úrbóta í þessum efnum.

Að áliti nefndarinnar mundi sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans ekki ná þeim tilgangi sínum að skapa hagkvæmt ríkisbankakerfi, nema gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu Sameinaða bankans. Telur nefndin, að nauðsynlegt yrði að auka eigið fé bankans um allt að 500 millj. kr. með framlagi úr ríkissjóði, en eðlilegt væri, að Seðlabankinn lánaði ríkissjóði þessa fjárhæð til nokkurs árabils. Lausafjárstöðuna þyrfti að bæta um a. m. k. 700 millj. kr. Þar af mundi allt að 500 millj. fást samkvæmt framanskráðu, en það sem á vantar, mundi væntanlega fást með lánsfyrirgreiðslu í Seðlabankanum til nokkurs tíma. Nefndin telur rétt, að í sambandi við sameininguna yrðu athugaðir möguleikar á vissri uppstokkun á útibúum og útlánsviðskiptum ríkisbankanna, sem miðuðu að því, að Sameinaði bankinn fengi allverulega kröfu á Landsbankann, og mundi þá samsvarandi hluti af lánsfyrirgreiðslu Seðlabankans veitast Landsbankanum.

Varðandi hugsanlegar breytingar á útibúaskipan ríkisbankanna í sambandi við sameininguna skal tekið fram, að nefndin hefur sérstaklega í huga möguleikann á, að Landsbankinn yfirtaki útibú Útvegsbankans í Keflavík.

Ef þessi leið verður farin, telur nefndin ennfremur eðlilegt, að Seðlabankinn geri áætlun um fjölda og dreifingu afgreiðslustaða ríkisbankanna tveggja, þar sem komið yrði til móts við þörf fyrir ný útibú, ef um hana er að ræða, en jafnframt

reynt að leiðrétta misræmi, sem vera kynni í fjölda og dreifingu afgreiðslustaða þessara banka.

Ljóst er, að ýmis vandamál mundu fylgja jafn viðamikilli breytingu á skipulagi bankamála og sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans yrði. Telur nefndin sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þeim vanda, sem fylgja mundi yfirtöku Sameinaða bankans á starfsfólki frá bönkunum tveimur. Einnig vill nefndin vekja athygli á því, að hún hefur ekki haft aðstöðu til að kanna viðhorf þeirra viðskipta- aðila, sem bönkum þessum er einkum ætlað að þjóna, né athuga nægilega hinn rekstrarlega ávinning.

Ef af sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans verður, leggur nefndin til, að komið verði á tengslum milli Sameinaða bankans og Iðnaðarbankans. Er þetta framkvæmanlegt vegna hlutfjáreignar ríkissjóðs í Iðnaðarbankanum, eins nánar verður vikið að í kaflanum um Iðnaðarbankann hér á eftir.

Til frekari skýringa á því, sem að framan er sagt um fjárhagsstöðu, stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu Sameinaða bankans og Landsbankans verður nú gerð töluleg grein fyrir einstökum þessara atriða, og jafnframt verður nánar vikið að þeim vanda í starfsmannamálum, sem sameiningu mundi fylgja.

A. Eiginfjárstaða.

Með því allt að 500 millj. kr. eiginfjárframlagi, sem gert er ráð fyrir hér að framan, færi eigið fé Sameinaða bankans í allt að 724.5 millj. kr., sem er 12.7% af heildarinnlánum Búnaðarbankans og Útvegsbankans í árslok 1971 (útibúið í Keflavík ekki meðreiknað), en samsvarandi tölur fyrir Landsbankann eru 900.5 millj. kr. og 13.0% (Keflavíkurútibú Útvegsbankans talið með Landsbankanum). Væri þá hlutfallsleg eiginfjárstaða Sameinaða bankans orðin jafn góð eiginfjárstöðu Landsbankans.

B. Lausafjárstaða.

Lausafjárstaða ríkisbankanna var sem hér segir í árslok 1971, í júnílok 1972 og septemberlok 1972 (í millj. kr.):

	Búnaðar- bankinn	Útvegs- bankinn	Sameinaði bankinn	Lands- bankinn
Pr. 31. 12. 1971	104	÷ 653	÷ 549	÷ 80
Pr. 30. 6. 1972	69	÷ 521	÷ 452	÷ 97
Pr. 30. 9. 1972	203	÷ 575	÷ 372	÷ 330

Gert var ráð fyrir, að lausafjárstaða Sameinaða bankans yrði bætt um a. m. k. 700 millj. kr., en ljóst er af framanskráðum tölum, að þessar ráðstafanir eru lágmark þess að skapa Sameinaða bankanum þolanlega lausafjárstöðu.

C. Stærð Sameinaða bankans.

Gerður var eftirfarandi samanburður á heildarupphæð innlána og útlána Sameinaða bankans og Landsbankans á grundvelli talna pr. 31. 12. 1971 og miðað við, að Landsbankinn yfirtaki útibú Útvegsbankans í Keflavík.

Millj. kr.	Sameinaði bankinn	Lands- bankinn	S — × 100 L
Innlán í Reykjavík	3 423	4 787	71.5
Innlán utan Reykjavíkur	2 286	2 134	107.1
Samtals	5 709	6 921	82.5

	Sameinaði bankinn	Lands- bankinn	$\frac{S}{L} \times 100$
Útlán í Reykjavík	3 054	4 836	63.2
Útlán utan Reykjavíkur	2 798	2 929	95.5
Samtals	5 852	7 765	75.4

Bent var á það innan nefndarinnar, að ekki megi ganga út frá því sem vísu, að allir viðskiptamenn Búnaðarbankans og Útvegsbankans haldi áfram viðskiptum sínum eftir sameininguna. Telja verður þó líklegt, að ef gerðar verða þær ráðstafanir til að styrkja fjárhagsstöðu Sameinaða bankans, sem um hefur verið rætt, sé ekki hætt á, að hann haldi ekki sínum viðskiptahlut.

Sú hugsanlega tilfærsla útlánsviðskipta frá Sameinaða bankanum til Landsbankans, sem áður er minnst á, mundi lítillega minnka þá útlánahlutdeild bankans, sem hér er sýnd, en ljóst er engu að síður, að hvað stærð snertir mundi Sameinaði bankinn geta valdið flestöllum úlánaverkefnum og veitt Landsbankanum raunhæfa samkeppni.

D. Dreifing útlána á helstu flokka lántakenda.

Nefndin gerði athugun á því, hver yrði hlutfallsleg skipting útlána Sameinaða bankans á einstakar atvinnugreinar og aðra lánsaðila. Skal tafla um þetta ekki sýnd hér, enda nægir að taka fram, að útlánadreifing Sameinaða bankans yrði í öllum meginatriðum mjög lík útlánadreifingu Landsbankans (sbr. fskj. 10).

Leggja verður ríka áherslu á, að hér er að finna eina af höfuðröksemdunum fyrir því að velja þá leið, sem hér hefur verið rætt um til fækkunar ríkisbanka. Útlán Landsbankans virðast í aðalatriðum dreifast eðlilega á helstu flokka lántakenda, en almennt er viðurkennt, að slík dreifing útlánaáhættunnar er ein meginforsenda heilbrigðs bankarekstrar.

E. Fjöldi og dreifing afgreiðslustaða.

Ef gert er ráð fyrir yfirtöku Landsbankans á útibúi Útvegsbankans í Keflavík, sameiningu aðalafgreiðslna Búnaðarbankans og Útvegsbankans í miðbænum í Reykjavík, sameiningu Austurbæjarútíbús Búnaðarbankans og Laugavegsútíbús Útvegsbankans, sameiningu útibúa á Akureyri, opnun útíbús, sem Búnaðarbankinn hefur nú leyfi fyrir á Hólmavík, og ef gert er ráð fyrir, að umboðsskrifstofa Búnaðarbankans á Reyðarfirði verði lögð niður, yrði dreifing afgreiðslustaða (þar með taldar umboðsskrifstofur) ríkisbankanna sem hér segir:

	Fjöldi afgreiðslustaða	
	Sameinaði bankinn	Landsbankinn
Reykjavík	7	7
Reykjanes	2	4
Vesturland	2	1
Vestfirðir	2	1
Norðurland vestra	3	
Norðurland eystra	1	4
Austurland	2	3
Suðurland	4	5
Alls	23	25

Yfirlitið sýnir, að í heild verður að telja, að jafnræði yrði með bönkunum í fjölda afgreiðslustaða, og að miklu leyti má segja það sama um dreifingu afgreiðslustaðanna á landshluta.

Eins og áður segir, er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn geri áætlun um fjölda og dreifingu afgreiðslustaða ríkisbankanna tveggja, þar sem m. a. yrði stefnt að sem jafnastri afgreiðsluáðstöðu þessara banka.

Fram kemur hér á undan, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans hefði í för með sér nokkra fækkun afgreiðslustaða, og jafnframt skal bent á, að sameiningin kæmi í veg fyrir þá fjölgun afgreiðslustaða, sem væntanlega ætti sér stað, ef ríkisbankarnir væru þrír.

F. Starfsmannamál.

Ljóst er, að ef ákveðið yrði að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, hlýtu að skapast margvísleg og viðkvæm vandamál í sambandi við yfirtöku Sameinaða bankans á starfsfólki frá bönkunum tveimur. Starfsfólk Búnaðarbankans var 184 talsins í árslok 1971, en starfsfólk Útvegsbankans 225.

Á þessu stigi málsins taldi nefndin ekki rétt að kanna nákvæmlega þann vanda, sem við yrði að etja í þessum efnum, en leggur áherslu á, að mjög mikilvægt er, að þessi mál verði tekin réttum tókum, ef til sameiningar kemur.“

Auk tillagna um skipulagsbreytingar á bankakerfinu, sem hér hefur að nokkru verið vikið að, tók bankamálanefnd saman drög að tillögum um breytta löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði. Vann nefndin mikið undirbúningsstarf á þessu sviði, en ekki vannst tími til að ganga endanlega frá löggjafartillögum innan þeirra tímamarka, sem nefndinni voru sett.

Niðurstöður álits bankamálanefndar skulu ekki raktar frekar hér, enda fengu alþingismenn álitid í hendur fljótlega, eftir að það var lagt fram, og einnig hefur það verið sent öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum, ásamt fleiri aðilum, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Frumvarp það um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér er lagt fyrir Alþingi, miðar annars vegar að því að fækka ríkisviðskiptabönkunum úr þremur í tvo með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans og hins vegar er með frumvarpinu stefnt að því að setja ríkisviðskiptabönkunum sameiginlega, nútímalega löggjöf, sem leysi af hólmi núgildandi lög um einstaka banka. Byggir frumvarpið um bæði þessi atriði á starfi bankamálanefndar og þeirri tillögugerð, sem rakin hefur verið hér á undan.

Þó að frumvarpið sé flutt sem stjórnarfrumvarp, skal það skýrt tekið fram, að einstakir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa óbundnar hendur varðandi afstöðu til einstakra þátta málsins og afgreiðslu þess í heild. Ljóst er, að nokkuð eru skiptar skoðanir um það atriði frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í einn ríkisviðskiptabanka. Það er hins vegar skoðun viðskiptaráðuneytisins, sem fer með yfirstjórn bankamála, að sú aðgerð, sem nú sé mest aðkallandi til breytinga í bankakerfi þjóðarinnar, sé einmitt sameining þessara tveggja ríkiviðskiptabanka.

Búnaðarbankinn er þegar orðinn stór banki, með nokkru meira innlánsfé en Útvegsbankinn. Hann hefur þó ekki enn fengið réttindi til almennra gjaldeyrisviðskipta. Ástæður til þess eru einkum þær, að ekki hefur þótt ástæða til að auka enn við starfslið og reksturskostnað í bönkum vegna gjaldeyrisviðskiptanna og auk þess hefur þótt eðlilegt, að gjaldeyrisviðskipti væru bundin alhliða bankarekstri með fullum skyldum til þjónustu við allar helstu atvinnugreinar landsmanna.

Eins og nú er háttað rekstri viðskiptabanka ríkisins er ljóst, að viðskipti þeirra eru mjög misjafnlega mikil við einstakar atvinnugreinar og einnig er þjónusta þeirra misjöfn í einstökum landshlutum.

Rekstur Landsbankans er þó nokkuð alhliða og virðast lánveitingar hans skiptast nokkuð eðlilega á milli atvinnugreina og landssvæða. Útvegsbankinn er hins vegar mjög bundinn af viðskiptum við sjávarútveg og Búnaðarbankinn við landbúnað og ýmiskonar viðskipti.

Með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans væri miklu auðveldara að skipuleggja rekstur þeirra þannig, að unnt væri að veita alhliða bankaþjónustu og sinna öllum helstu atvinnugreinum landsmanna, eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Með tveimur öflugum viðskiptaböndum yrði miklu auðveldara að skipuleggja útibúakerfi bankanna, án óþarfa eyðslu, þannig að það veitti þjónustu um allt land. Nú er hins vegar reyndin sú, að litil sem engin bankaþjónusta er í heilum héruðum, þar sem þó er mikil framleiðsla og margvíslegur atvinnurekstur.

Í nútíma atvinnurekstri er góð bankaþjónusta frumskilyrði. Fyrirtækin verða sífellt stærri og stærri og til þess að hægt sé að veita stórum fyrirtækjum góða þjónustu þarf stærri banka. Sá tími er liðinn, að hægt sé að miða rekstur banka við aðeins eina starfsgrein. Landbúnaður verður ekki rekinn nema í nánnum tengslum við verslun og viðskipti og víðast hvar hér á landi er sjávarútvegur, eða iðnaður, einnig nátengdur öðrum rekstri. Góður viðskiptabanki þarf því að sinna á alhliða hátt öllum atvinnurekstri, sem nauðsynlegur er á því starfssvæði, sem bankinn vinnur á.

Eins og áður er að vikið er tillagan um fækkun ríkisviðskiptabankanna í tvo aðeins einn liður í viðtækari tillögugerð bankamálanefndar, sem miðar að mjög verulegri fækkun peninga- og lánastofnana á vissu tímabili. Sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans er því aðeins fyrsti áfangi þeirrar heildarendurskoðunar bankakerfisins, sem framkvæma þarf eins fljótt og unnt er.

Í frumvarpinu er hinn nýi banki nefndur Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands. Í nefndarálitinu er talað um „Sameinaða bankann“, en jafnframt tekið fram, að í því felist ekki tillaga af hálfu nefndarinnar um nafngift banks, ef af stofnun hans yrði. Með nafninu Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands er haldið tengslum við nöfn beggja þeirra banka, er fyrir voru. Hefur þessi háttur oft verið á hafður við sameiningu banka í nágrannalöndunum, og hefur þótt gefast vel.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á löggjöf um viðskiptabankana miðuðust við, að sett yrði almenn löggjöf um starfsemi þeirra með líku sniði og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Gerði nefndin ráð fyrir, að slík löggjöf yrði látin gilda bæði um ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka og koma að fullu eða að langmestu leyti í stað núgildandi laga um einstaka banka. Hér hefur sú leið hins vegar verið farin að leggja fram frumvarp að sameiginlegri löggjöf um starfsemi ríkisviðskiptabankanna, en jafnframt er ráðgert, að frumvarp að hliðstæðri, sameiginlegri löggjöf um hlutafélagsbankana verði lagt fram síðar. Einnig verður lögð áhersla á að ljúka sem fyrst endurskoðun löggjafar um sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga. Óhjákvæmilegt er, að ýmis nýmæli í hinum væntanlegu lögum um ríkisviðskiptabankana gildi einnig um hlutafélagsbanka, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, uns sett hefur verið ný löggjöf um þessar innlánsstofnanir. Er kveðið á um þessi atriði í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins.

Eins og áður segir, vann bankamálanefndin mikið undirbúningsstarf varðandi þau tæknilegu nýmæli, sem í frumvarpinu felast. Í sambandi við endanlegan frágang frumvarpsins var leitað umsagnar ýmissa aðila um frumvarpið í heild eða einstaka þætti þess og skal þess sérstaklega getið, að tekið var tillit til ýmissa ábendinga og athugasemda, sem bárust frá bankaráðum og bankastjórnunum ríkisviðskiptabankanna. Einnig er rétt að benda á, að ákvæðin um samstarfsnefnd í III. kafla frumvarpsins eru ekki frá bankamálanefndinni komin. Á hinn bóginn er tillaga um formlega samstarfsnefnd með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, í rökréttu samhengi við tillögur nefndarinnar um, að athugaðir verði möguleikar á uppstokkun úti-

búa og útlánsviðskipta ríkisviðskiptabankanna, sbr. þann kafla nefndarálitsins, sem tekinn er upp orðréttur hér að framan. Jafnframt er með ákvæðunum um samstarfsnefnd stefnt almennt að því að auka rekstrarhagkvæmni ríkisviðskiptabankakerfisins umfram það, sem ávinnast mun í þeim efnunum með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabankarnir verði tveir, Landsbanki Íslands og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands, í stað þriggja áður, sem er í samræmi við álit bankamálanefndar, sem vikið er ítarlega að í almennum athugasemdum hér að framan. Um nánari framkvæmd á sameiningu bankanna tveggja vísast til ákvæða til bráðabirgða og athugasemda um þau. Ákvæði málsgr. þessarar skýra sig annars sjálf, en rétt þykir að benda á, að meðal þeirra réttinda, sem Búnaðar- og Útvegsbankinn tekur við, er núverandi heimild Útvegsbankans til að versla með erlendan gjaldeyri, sbr. 19. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og ákvæði 23. gr. frumvarps þessa.

2. mgr. er efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/1941 um Búnaðarbankann, 1. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbankann og 1. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbankann.

Um 2. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna ber að skýra skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Lagt er til, að hlutverk ríkisviðskiptabankanna sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, sbr. 1. mgr., sem verður nánar skilgreind í IV. kafla frumvarpsins, og vísast til athugasemda um greinar þess kafla. Rétt þykir að benda á, að hér er lagt til, að fallið verði frá þeirri stefnu, að ríkisviðskiptabankarnir sérhæfi sig í þjónustu við tiltekna atvinnugreinar, eins og verið hefur hingað til, og á það sérstaklega við um Búnaðarbankann og Útvegsbankann, með það fyrir augum, að þeir geti veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna.

Í 2. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabönkunum einum sé heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög ákveði annað. Með ákvæði þessu er ætlunin að girða fyrir það, að nýir viðskiptabankar geti hafið starfsemi hér á landi, án þess að fyrir liggi samþykki löggjafarvaldsins. Ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra viðskiptabanka, sem nú eru reknir skv. sérstökum lögum og eru í formi hlutafélaga.

Í 3. mgr. er lagt til, að Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í formi hlutafélaga, sem starfa skv. sérstökum lögum, verði veittur einkaréttur á orðinu „BANKI“ til notkunar í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni og öðrum ótilgreindum orðum, sem benda til þess, að um seðlabanka- eða viðskiptabankastarfsemi sé að ræða. Ennfremur er lagt til, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, geti veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Nái ákvæði þetta fram að ganga, er ljóst, að nokkrir aðilar verða sviptir rétti til að nota orðið „BANKI“ í firma sínu. Má sem dæmi nefna, að til eru fyrirtæki hér, utan hins almenna bankakerfis, sem skírð hafa verið „Eigna-

bankinn h.f.“, „Hugmyndabankinn“ og „Verðbréfabankinn“. Eðlilegt þykir, að þeir aðilar, sem heimild hafa lögum samkvæmt, til að reka almenna bankastarfsemi hér á landi, fái einkarétt á orðinu „BANKI“, þó að það svipti nokkra aðila rétti til notkunar orðsins, sem ekki stunda almennan bankarekstur. Eins og fram kemur hér að framan er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu. Ástæðan fyrir því er sú, að sérstakar ástæður geta mælt með því, að fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru bankar í almennum skilningi þess orðs, geta átt erfitt eða ómögulegt með að finna annað jafngott orð yfir starfsemi sína, og var t. d. „Blóðbankinn“ hafður í huga í því sambandi.

Um 5. gr.

1. mgr. þarfnast ekki nánari skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. starfar veðdeild Búnaðarbankans sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn. Vegna þess hlutverks, sem deildinni er sēlað, er nafni hennar haldið óbreyttu þrátt fyrir sameiningu bankanna.

Um starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fer eftir lögum nr. 45/1971, sbr. lög nr. 68 frá 30. apríl 1973.

Hér er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin verði tengd Búnaðar- og Útvegsbankanum með sama hætti og Búnaðarbankanum áður.

Um 6. gr.

Nokkrar fjárfestingarlánastofnanir og sjóðir eru nú í rekstrartengslum við Búnaðarbankann eða Útvegsbankann án þess að teljast „deildir“ í þessum bönkum. Hafa þessi tengsl ýmist komist á með ákvæðum í löggjöf eða með samningum.

Enda þótt slík rekstrartengsl haldist óbreytt eftir sameininguna, vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þótti rétt að leggja áherslu á þetta atriði með ákvæðum 6. gr.

II. KAFLI

Um 7. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 8. gr. nógildandi laga um Landsbankann og Útvegsbankann. Skv. 53. gr. nógildandi laga um Búnaðarbankann fer ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, með umsjón bankans. Eðlilegt þykir að leggja til í frumvarpi þessu, vegna sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans, að sami ráðherra, þ.e. ráðherra sá, sem fer með bankamál, hafi yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna beggja.

Í 2. mgr. er nauðsyn að geta þess, að umsjón (yfirstjórn) Veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins er í höndum ráðherra þess, sem fer með landbúnaðarmál, en ekki ráðherra þess, sem fer með bankamál, en það er undantekning frá hinni almennu reglu.

Í 3. mgr. er lagt til, að bankastjórn hvors ríkisviðskiptabanka sé skipuð þremur mönnum. Skv. nógildandi lögum um Landsbankann og Útvegsbankann eru þrjú bankastjórar við hvorn banka, en í Búnaðarbankalögum er ákvæði um einn bankastjóra og bankaráði heimilað að ráða annan að fengnu samþykki ráðherra.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða gildandi ákvæðum um Landsbankann og Útvegsbankann að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að bankaráð sé skipað sjö mönnum í stað fimm eins og nú er hjá nefndum bönkum. Í núverandi bankaráði Búnaðarbankans sitja einnig fimm menn.

Að undanförunu hefur sá háttur verið á hafður að kjósa sjö menn í opinberar stjórnir og ráð og má til nefna stjórnir Framkvæmdastofnunar ríkisins og Viðlagasjóðs. Er hér lagt til, að sami háttur verði á hafður um skipan bankaráða

ríkisviðskiptabankanna, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um gildistöku ákvæðis þessa gagnvart Landsbankanum.

Eðlilegt þykir að halda ekki í frumvarpi þessu ákvæðum 2. mgr. 9. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann, sem kveða á um, að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði gr. þessarar er efnislega samhljóða 10. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann, að slepptri síðustu setningu 1. mgr., sem fjallar um aðstoðarbankskjóra, en þeim eru gerð skil í 11. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Skv. núgildandi lögum um Landsbankann ræður bankaráð eftirtalda starfsmenn, án tillagna frá bankastjórn: aðalféhirði, aðalbókara, forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Sama gildir um Útvegsbankann að undanskildum forstöðumanni endurskoðunardeildar, sem ekki er nefndur í hliðstæðri lagagrein í Útvegsbankalögum. Lög Búnaðarbanksins kveða á um, að bankaráð skipi aðalbókara og aðalféhirði.

Í 1. mgr. er lagt til, að bankaráð ráði, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankskjóra og útibússtjóra, og segi þeim upp starfi. Þykir eðlilegt, að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna eigi tillögurétt um stöður þessar innan sinnar stofnunar, þar sem þær eru svo nátengdar störfum þeirra sjálfra.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að bankaráð ríkisviðskiptabanka ráði forstöðumenn endurskoðunardeilda bankanna, án tillagna frá viðkomandi bankastjórn. Heyra endurskoðunardeildir því undir bankaráð og er það eðlilegt, ef tekið er tillit til innri uppbyggingar bankanna.

Í frumvarpi þessu er ekki sagt berum orðum, hverjir ráði aðra starfsmenn bankanna og segi þeim upp starfi. Þykir óþarfi að nefna það, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóta það að vera bankastjórnirnar, sem annast daglega stjórn bankanna og standa fyrir rekstri þeirra.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér eru taldir upp fimm málaflokkar, sem lagt er til, að bankaráð skuli ávallt taka ákvarðanir um að fengnum tillögum bankastjórna. Eru þeir það mikilvægir fyrir starfsemi og stefnumótun bankanna, að ástæða þykir til að nefna þá sérstaklega. Að sjálfsgöðu fjalla bankaráð um önnur mál, er varða starfsemi bankanna annað hvort að sjálfsdáðum eða skv. tillögum bankastjórna, sbr. 2. mgr. greinarinnar og önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 14. gr.

Greinin er að meginefni samhljóða hliðstæðum greinum í núgildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Um 15.—17. gr.

Efnislega eru greinar þessar samhljóða þeim ákvæðum laga, sem um þessi mál gilda nú.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við núgildandi ákvæði, og þá venju, sem skapast hefur að undanförunu, um ákvörðun launa þeirra starfsmanna ríkisviðskiptabankanna, sem nefndir eru í 3. mgr.

III. KAFLI

Um 19.—21. gr.

Að þessum kafla frumvarpsins er vikið í almennum athugasemdum hér að framan. Eins og fram kemur þar, er hér um nýmæli að ræða. Þrátt fyrir það, að hér sé um nýmæli að ræða, er efni kaflans um samstarfsnefndina þannig vaxið, að það þarfnast ekki nánari skýringa hér.

IV. KAFLI

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið bankastarfsemi. Semjendur frumvarpsins álíta, að þessi skilgreining komist næst því, sem almennt er álitð felast í hugtakinu bankastarfsemi, þ. e. miðlun á peningum og lánsfé ásamt annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, hefur verið fallið frá þeirri stefnu að afmarka starfsemi ríkisviðskiptabankanna við ákveðnar atvinnugreinar, heldur eru þeir gerðir að alhliða viðskiptabönkum, sem eiga að geta þjónað landsmönnum og atvinnuvegum þeirra á öllum sviðum bankastarfsemi.

Með ákvæði 1. mgr. er fallið frá þeirri venju að tíunda, hvernig viðskiptabankar leysi hlutverk sitt, sbr. eftirfarandi upptalningu, sem er 5. gr. laga um Landsbankann:

„Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:

- a. Að taka fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
- b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávisanir;
- c. að kaupa og selja verðbréf;
- d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
- e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
- f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
- g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.“

Með ákvæðum 1. mgr. er síður en svo verið að þrengja starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna frá því, sem nú er, og má segja, að í ákvæðum 1. mgr. felist öll þau atriði, sem talin eru í a—g liðum 5. gr. Landsbankalaganna, auk annarra atriða, sem fólgin eru í banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

2. mgr. takmarkar starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna innan ramma frumvarps þessa.

Um 23. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að báðir ríkisviðskiptabankarnir hafi heimild til þess að versla með erlendan gjaldeyri. Við sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans öðlast hinn sameinaði banki, Búnaðar- og Útvegsbankinn, núverandi heimild Útvegsbankans til að versla með erlendan gjaldeyri.

Innstæður, sem ríkisviðskiptabankarnir eignast erlendis umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Skv. lögum er Seðlabankanum falið að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins. Þykir því eðlilegt, að Seðlabankinn geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, t. d. vegna ástands gjaldeyrismála. Það er á sama hátt nauðsynlegt, að lántökur bankanna erlendis séu innan marka eðlilegra viðskiptaþarfa, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn geti fylgst með slíkum lántökum ríkisviðskiptabankanna.

Um 24. gr.

Hér er um nýmæli að ræða bæði í 1. og 2. mgr. Lagt er til, að ríkisviðskiptabönkunum sé óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirra eða vegna líkleggrar aukningar á starfseminni. Rök fyrir þessu ákvæði eru þau, að óeðlilegt þykir, að ríkisviðskiptabankarnir geti fest laust fé sitt í fasteignum, enda samrýmist það ekki hlutverki þeirra skv. 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að bankarnir geti leigt út húsnæði, enda sé það í byggingu, sem sé að megintilgangi ætluð starfsemi bankans. Sérstaklega á þetta við um byggingar útibúa bankanna, þar sem opinberir aðilar eru oft leigjendur.

Í 2. mgr. er ríkisviðskiptabönkunum veitt heimild til að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum og stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem er skyld bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Í þessu sambandi skal tekið fram, að Landsbankinn er nú t. d. eignaraðili að Útflutningslánaþjóði, skv. sérstakri lagaheimild, og hann á hlut í The Scandinavian Bank Ltd, sem hefur aðsetur í London.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að yfirtaka eigna sé heimil, t. d. þegar banki eignast fasteign á nauðungaruppboði. Óraunhæft þykir að setja ákveðna fresti fyrir bankana til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torskjalnlegar, sbr. veð ríkisviðskiptabanka í ýmsum atvinnufyrirtækjum.

Um 26. gr.

Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum og þarfnast greinin því ekki nánari skýringa.

Rétt er þó að taka fram, að til álita gæti komið að setja í lög ákvæði eins og tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum, að krafist sé fullkominnar nafnskráningar við opnun innlánsreikninga. Ekki þótti þó rétt að gera tillögu um það hér, þar sem núverandi fyrirkomulag í þessum efnun hefur tíðkast héraendis um langt skeið og vandséð er hvaða áhrif breyting á því mundi hafa.

Um 27. gr.

Æskilegt er, að innlánsstofnanir leyti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxtaákvörðunarvalds bankans.

Um 28. og 29. gr.

Samhljóða nógildandi ákvæðum.

Um 30. gr.

Önnur gr. laga nr. 14/1905 kveður m. a. svo á, að kröfur á hendur banka um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í bankann, fyrnist á 20 árum. Tilkyrningarfrest mætti setja í reglugerð.

Önnur mgr. er efnislega í samræmi við nógildandi ákvæði.

Um 31. gr.

Í 5. gr. nógildandi laga um Landsbanka og Útvegsbanka segir m. a., að þessum bönkum sé heimilt að:

Kaupa og selja víxla, tékka og ávisanir,
kaupa og selja verðbréf,
veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

Nokkuð hliðstæð ákvæði er að finna í 7. gr. laga um Búnaðarbankann. Önnur

ákvæði, sem varða tryggingar fyrir útlánunum er ekki að finna í nágildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð, sbr. 2. mgr.

Á síðari árum hefur það farið í vöxt, að bankarnir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag og noti þessar upplýsingar til að meta almennt láns hæfi viðkomandi aðila. Ljóst er, að í framtíðinni verður slíkum vinnubrögðum beitt í vaxandi mæli við afgreiðslu á lánsúmsóknum. Með hliðsjón af þessari þróun, sem telja verður eðlilega og æskilega, er ríkisviðskiptabanka í 2. mgr. heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati bankans á afkomu og efnahag lántaka. Í slíkum tilfellum skal bankinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru ekki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem bankinn aflar um afkomu og efnahag lántaka né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati bankans og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni. Telja verður því t. d., að hin svokölluðu sparilán Landsbankans mundu samrýmast þessum kröfum, þar sem bankinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í bankanum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum. Einnig kemur hér til, að lánin endurgreiðast með mánaðarlegum greiðslum á 1—4 árum.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru til komin vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, ef viðskiptabanki lánar einum viðskiptaaðila mjög háar upphæðir miðað við eigið fé bankans. Við mat á þessari áhættu þarf að sjálfsgöngu að taka tillit til öryggis þeirra trygginga, sem settar hafa verið fyrir lánunum og vitneskju bankans um fjárhagslegan styrk lántaka.

Nefna má, að í almennri viðskiptabankalöggjöf í Danmörku og Noregi eru nákvæmar reglur settar um hámark lánveitinga til eins viðskiptaaðila, þar sem tekið er mið af eigin fé bankans og þeim tryggingum, sem fyrir lánunum eru. Í viðskiptabankalöggjöf Finnlands og Svíþjóðar eru hins vegar almenn ákvæði um þetta efni í líkingu við ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Þar sem um nýmæli er að ræða í viðskiptabankalöggjöf hérlendis, þótti ekki rétt að leggja til, að lögfestar yrðu flóknar og ófrávíkjanlegar reglur um þetta atriði.

Um 33. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann eru ákvæði, sem banna bankastjórum og starfsmönnum að vera skuldskeyttir viðkomandi banka, sem skuldunautar eða ábyrgðarmenn annarra. Hliðstætt ákvæði er í 2. mgr. 56. gr. laga um Búnaðarbankann. Ákvæði þessi í Búnaðar- og Landsbankalögum veita undanþágu, er varða skuldbindingar, sem þessir aðilar stofna til við veðdeildir bankanna.

Í 1. mgr. er lagt til, að bann við skuldaskytingu nái til allrar yfirstjórnar banka og útibúa, hvort sem þeir aðilar séu kjörnir eða ráðnir til starfa, þingkjörinna endurskoðenda og maka allra þeirra, sem taldir eru í málsgreininni. Ákvæðinu er ætlað að koma m. a. í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað aðstöðu sína, innan viðkomandi banka, í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar. Ákvæði hliðstæð þessu er að finna í viðskiptabankalögum á Norðurlöndum.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í núgildandi lögum um ríkisviðskiptabankana, en hlið-stætt ákvæði er að finna í reglugerð fyrir Seðlabankann.

Í 4. mgr. er lagt til, að hlutaðeigandi bankastjórn meti í hverju tilvik, hvort ástæða sé til að breyta áður gerðum skuldbindingum bankaráðsmanna, varamanna þeirra eða þingkjörinna endurskoðenda við hlutaðeigandi banka. Ákvæði þetta kemur m. a. í veg fyrir framlengingu á áður umsömdu láni, meðan aðilar þessir eru í þessum tengslum við bankann. Síðasta setning 4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Um 34. gr.

Þau ákvæði í núgildandi lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka, sem miða að því að tryggja lausafjárstöðu þeirra, eru í 6. gr. laga um Landsbankann, 6. gr. laga um Útvegsbankann og 8. gr. laga um Búnaðarbankann. Er í öllum þessum ákvæðum m. a. að finna fyrirmæli um, að bankarnir skuli eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í „tryggum og auðseldum verðbréfum“.

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávikjanlegar reglur um lausafjárstöðu banka og annarra innlánsstofnana.

Með frumvarpsgreinininni er reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé bankanna sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægi-legu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

VI. KAFLI

Um 35. gr.

1. másl. 1. málsgr. er í samræmi við núgildandi ákvæði, en í 2. másl. er það nýmæli, að kveðið er á um sérstaka greinargerð sem hluta árlegra reikningsskila, auk rekstrarreiknings og efnahagsreiknings. Segir í 3. málsgr., að í greinargerðinni skuli veita upplýsingar um atriði, sem skipta verulegu máli í sambandi við mat á efnahag og rekstrarafkomu bankans, en ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi. Í greinargerð gæti t. d. verið ástæða til að skýra þær eignaafskriftir, sem teknar eru inn í ársuppgjörið, bera saman opinber mót fasteigna (fasteignamat, brunabótamat) og bókfært verð, eða vekja máls á sérstökum tilvikum, sem haft hafa veruleg áhrif á rekstrarafkomu ársins.

Í 2. málsgr. er vísað til ákvæða í lögum um bókhald (nr. 51/1968) að því er varðar gerð rekstrar- og efnahagsreiknings. Jafnframt er bankaeftirlitinu heimilað að setja reglur um sameiginleg form ársreikninga allra ríkisviðskiptabankanna. Vegna eftirlitsstarfa sinna og skýrslugerða hefur bankaeftirlitið um nokkurt skeið innheimt rekstrar- og efnahagsreikninga frá viðskiptabönkunum í samræmdu formi, en engu að síður er enn nokkuð mismunandi, hvornig einstakir bankar setja reikninga sína upp og birta þá opinberlega. Eðlilegt er, að bankaeftirlitið fái ótvíræða heimild til að gangast fyrir frekari samræmingu á þessu sviði.

Um 36. gr.

Ákvæði 1. töluliðs 1. málsgr. eru í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um bókhald að öðru leyti en því, að hér segir, að tilgreindar eignir skuli meta í efnahagsreikningi á tiltekinn hátt, en í bókhaldslögnum er þetta orðað þannig, að eignirnar beri að jafnaði að meta með þessum hætti.

Að því er varðar fasteignir er þó í 2. tölulið heimild til fráviks frá hinni almennu matsreglu í 1. tölulið. Frekari ákvæði um bókhaldslega meðferð í slíkum tilvikum eru í 2. málsgr. og er ástæðan fyrir þeim fyrirmælum sú, að æskilegt er,

að sérstakur eiginfjárreikningur sýni á hverjum tíma þá heildarhækkun á bókfærðu verði fasteigna, sem framkvæmd hefur verið skv. nefndri heimild í 2. tölulið 1. málsgr.

Reglurnar í 3. tölulið um mat á útlánnum og öðrum útistandandi kröfum eru efnislega í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um bókhald.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkru fyllri en ákvæði sama efnis í núgildandi lögum, en telja verður, að greinin þarfnist ekki ítarlegra skýringa.

Tímamörk varðandi lok reikningsskila eru ekki í núgildandi löggjöf bankanna, en í reglugerðum Landsbanka og Útvegsbanka segir, að ársreikninga skuli birta í B-deild Stjórnartíðinda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Um ákvæði 5. málsgr. visast til umsagnar um 35. gr. hér á undan.

VII. KAFLI

Um 38., 39. og 40. gr.

Í 1. málsgr. 38. gr. er gert ráð fyrir, að haldið sé því fyrirkomulagi, að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur fyrir hvorn ríkisviðskiptabanka til tveggja ára. Ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar er hins vegar nýmæli, en þar er kveðið á um, að hafi hvorugur hinna þingkjörnu endurskoðanda löggildingu sem endurskoðandi, skuli þeir, að fengnu samþykki ráðherra, ráða löggiltan endurskoðanda sér til ráðuneytis um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Í 39. gr. er mælt fyrir um, að við hvorn ríkisviðskiptabanka skuli starfa endurskoðunardeild, sem annast skal um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, og í 40. gr. segir m. a., að hinum þingkjörnu endurskoðendum sé heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar.

Ákvæði þessara frumvarpsgreina verður að skoða í ljósi þeirra staðreynda, að fjölþættari starfsemi og vaxandi umsvif banka og annarra innlánsstofnana, ásamt breyttri tækni við bókhald og á fleiri sviðum, krefst aukinnar faglegrar þekkingar af þeim, sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum og breyttrar skipulagningar þessara starfa. Má benda á, að á Norðurlöndum hafa kröfur til faglegrar þekkingar þeirra, sem ábyrgð bera á endurskoðun hjá innlánsstofnunum, farið sífellt vaxandi, og inn í mörg þau lög, sem slíkar stofnarnir varða, er nú komið ákvæði um, að löggiltur endurskoðandi skuli eiga aðild að endurskoðuninni. Telja verður, að skipulag og framkvæmd endurskoðunar hjá innlánsstofnunum hér á landi kalli á ýmsar breytingar, sérstaklega hjá minni stofnunum, þar sem innra eftirliti kann að vera ábótavant, en breytingar eru einnig æskilegar í þessu efni hjá ríkisviðskiptabönkunum.

Með ákvæðum frumvarpsins er það skref þó ekki stigið til fulls að gera að skyldu, að löggiltur endurskoðandi standi fyrir endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka. Bent skal á í því sambandi, að sá löggilti endurskoðandi, sem þingkjörnir endurskoðendur kunna að fá sér til ráðuneytis skv. 2. málsgr. 38. gr., ber ekki ábyrgð á endurskoðuninni og áritar ekki ársreikningana, sbr. 41. gr.

Í heild er með ákvæðum 38., 39. og 40. gr. miðað að aukinni faglegru þekkingu þeirra, sem að endurskoðun starfa hjá ríkisviðskiptabönkunum, jafnframt því sem stefnt er að breytingum á skipulagi og framkvæmd þessa starfsþáttar í samræmi við þær breyttu aðstæður í þessum efnunum, sem vikið var að hér á undan.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um áritun hinna þingkjörnu endurskoðanda á hin árlegu reikningsskil og um það, hvernig þeir skulu gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VIII. KAFLI

Um 43. og 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

IX. KAFLI

Um 45. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru í samræmi við núgildandi ákvæði um ríkisviðskiptabankana, en í lok 1. mgr. er nýmæli, sem þykir rétt að setja m. a. með tilliti til þess, að ríkisviðskiptabankarnir greiða nú landsútsvar.

Um 46., 47. og 48. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 49. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að hér er notað tækifæri til þess að fella úr gildi lög um sveitabanka og Ríkisveðbanka Íslands, en bæði þessi lög hafa verið í gildi yfir fjóra áratugi án þess að ákvæði þeirra hafi nokkurn tíma komið til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 1.—3. tölulið.

Samkvæmt 1. málgr. 49. gr. öðlast lögin gildi 30. september 1974 og fyrr tekur hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans ekki formlega til starfa. Hins vegar ber nauðsyn til, að bankaráðið komi saman áður til undirbúnings ýmissa ráðstafana í sambandi við sameininguna. Er því í 49. gr. gert ráð fyrir slíkum undirbúningsstörfum bankaráðsins fyrir gildistöku meginefnis laganna.

Í samræmi við þetta er í 1. tölulið bráðabirgðaákvæðanna mælt fyrir um, að hið nýja bankaráð skuli kosið þegar er lögin hafa hlotið staðfestingu. Í næstu tveim bráðabirgðaákvæðum er síðan að finna dæmi um mál, sem koma munu til kasta bankaráðsins, áður en hinn nýi banki tekur formlega til starfa.

Annars vegar er þar um að ræða undirbúning ráðninga þeirra bankastjóra, sem kveðið er á um í frumvarpinu. Samkvæmt 2. tölulið bráðabirgðaákvæðanna fellur umboð bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands niður við gildistöku laganna og ganga verður frá ráðningu bankastjóra, áður en viðskipti hefjast þriðjudaginn 1. október 1974.

Hins vegar kemur hér til það, að í 3. tölulið bráðabirgðaákvæðanna er mælt fyrir um tilnefningu þriggja manna til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna. Þessir menn skulu tilnefndir, áður en lögin öðlast gildi, og skal einn þeirra valinn af bankaráði hins nýja banka, en Búnaðarbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna sinn manninn hvor.

Það fyrirkomulag, sem hér er haft á formlegri yfirtöku eigna og skulda við sameininguna, þarfnast ekki skýringa, en nefnt skal, að hliðstætt fyrirkomulag hefur áður verið notað við breytingar á skipulagi opinberra stofnana, shr. lög nr. 66/1966 um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð og lög nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands.

Til þess að valda sem minnstri röskun á starfsemi Landsbankans við gildistöku laga þessara er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að nýtt bankaráð verði ekki kjörið

fyrir Landsbankann, fyrr en að loknu yfirstandandi kjörtímabili núverandi bankaráðs, og í öðru lagi er gert ráð fyrir, að núverandi bankastjórar hans haldi umboðum sínum.

Um 4. tölulið.

Hér er tekið fram, að bankaráði sé heimilt að reka Búnaðar- og Útvegsbankann sem tvær reikningslega aðskildar einingar til 30. júní 1975, enda þótt bankinn komi fram sem persóna að lögum frá gildistöku laganna.

Þetta þýðir, að til júniloka 1975 getur hvor bankanna um sig komið fram sem sjálfstæð reikningsleg eining út á við. Í ákvæðinu felst, að allt til loka frestsins má notast við það innra skipulag hvors banka, sem nú er fyrir hendi, en það gefur stjórnendum hins nýja banka m. a. aukið svigrúm til að takast á við þau vandamál, sem fylgja munu yfirtöku á starfsfólki frá hönkunum tveimur, sbr. það, sem um þau mál segir undir 7. tölulið hér á eftir.

Um 5. tölulið.

Þetta ákvæði felur það í sér, að eigi síðar en 1. janúar 1976 skulu að fullu hafa verið sameinaðar allar þær deildir í núverandi aðalstöðvum Búnaðarbankans og Útvegsbankans, sem hliðstæðar eru. Einnig hefði hinn nýi banki frá sama tíma aðeins einar aðalstöðvar, eftir því sem nánar verður ákveðið af stjórn hans.

Um 6. tölulið.

Miðað við núverandi aðstæður felst m. a. í þessu ákvæði skylda til að sameina fyrir 1. janúar 1976 annars vegar Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og Laugavegsútibú Útvegsbankans og hins vegar útibú þessara banka á Akureyri.

Um 7. tölulið.

Í kaflanum um hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í álitsgerð bankamálanefndar, sem tekinn er upp orðréttur hér á undan, leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess, að starfsmannamálin verði tekin réttum tókum, ef til sameiningar kemur.

Ein höfuðröksemdin fyrir sameiningu banka almennt er sú aukna rekstrarhagkvæmni, sem að vissu marki leiðir af myndun stærri rekstrareininga, en hún kemur m. a. fram í fækkun starfsfólks. Horfast verður því í augu við þá staðreynd, að með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans er stefnt að fækkun núverandi starfslíðs þessara banka og felst í þessu önnur hlið þess vanda í starfsmannámálum, sem leysa þarf í kjölfar sameiningarinnar. Hin hlið vandans er sú, að jafnvel þótt starfsmanni verði ekki sagt upp starfi, er sú hætta fyrir hendi, að staða hans hjá hinum nýja banka verði ekki jafn góð og hún var hjá Búnaðarbankanum eða Útvegsbankanum. Sérstaklega á þetta við um ýmsa af starfsmönnum í aðalstöðvum bankanna og í þeim útibúum, sem sameinuð kunna að verða.

Rétt er þó að benda á, að líklegt er, að þessi vandamál verði auðveldari viðfangs en ætla mætti í fljótu bragði. Kemur hér annars vegar til, að alltaf er nokkuð af starfsfólki hjá hönkunum, sumt af því lausráðið, sem aldrei hefur haft í huga að starfa þar til langframa. Vegna þessa, og af öðrum ástæðum, hljóta á nokkru tímabili að losna ýmsar stöður hjá Búnaðar- og Útvegsbankanum án þess að fólki sé sagt upp starfi. Ef nýtt fólk er ekki ráðið í staðinn, leysist þar með hluti af umræddu vandamáli. Hins vegar ber að hafa í huga, að af eðlilegum ástæðum eykst starfsemi bankakerfisins hérlendis með ári hverju og að öðru jöfnu þarf aukið starfslíð til að sinna auknum verkefnum. Má búast við því, að aukning á starfsemi Búnaðar- og Útvegsbankans muni stuðla að lausn starfsmannavandamálsins án þess að með því sé á nokkurn hátt rýrð sú hagkvæmni, sem af sameiningunni mun leiða.

Þrátt fyrir það, sem nú hefur verið rakið, er fullljóst, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans verður ekki framkvæmd án þess að það valdi röskun á stöðu og högum einhverra af núverandi starfsmönnum bankanna. Við meðferð þessara mála verður að taka tillit til þess, að bankarnir hafa siðferðilegar skyldur að rækja við starfsfólk sitt umfram þær skuldbindingar, sem fram koma í reglugerð um störf og launakjör starfsmanna bankanna. Má í þessu sambandi nefna, að samkvæmt gildandi launareglugerð má segja fastráðnu starfsfólki bankanna upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Með fyrirmælum og heimildarákvæðum í 7. tölulið bráðabirgðaákvæðanna er að því stefnt, að draga úr röskun á stöðu og högum fastráðins starfsfólks við sameininguna. Skýra þessi ákvæði sig sjálf, en rétt þykir þó að taka fram, að bankinn, en ekki viðkomandi lífeyrissjóðir, mun bera þann aukakostnað, sem leiða kann af ákvæði b-liðs þessa töluliðs.

Um 8. tölulið.

Vegna nýmæla þeirra, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu varðandi endurskoðun í ríkisviðskiptabönkunum, þykir rétt að gera ráð fyrir því, að nýir þingkjörnir endurskoðendur verði valdir skv. ákvæðum 38. gr. Eðlilegt þykir, að kjörtími hinna nýju endurskoðenda verði til ársloka 1976, en þá verður einnig kosið í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

Um 9. tölulið.

Ákvæði þessa töluliðs um 400 millj. kr. nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans, sem ríkisstjórninni sé heimilt að taka að láni hjá Seðlabankanum, er efnislega í samræmi við tillögur bankamálanefndar, sem teknar eru upp í hinar almennu athugasemdir hér að framan. Um röksemdir fyrir ákvæði þessu vísast til þess, sem þar er sagt.

Um 10. tölulið.

Í hinum almennu athugasemdum með frumvarpinu er gerð grein fyrir fyrirhugaðri endurskoðun löggjafar um hlutafélagsbanka, sparisjóði og innlánsdeildir samvinnufélaga, og tekið fram, að þangað til sú löggjöf hefur verið samþykkt, verði ýmis nýmæli í endurskoðuðum lögum um ríkisviðskiptabankana einnig að gilda um aðrar innlánastofnanir. Er í þessum lið ákvæða til bráðabirgða mælt fyrir um þessi atriði.“